

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 15. júní 2022 í máli nr. 34/2022

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 24. apríl 2022 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili. Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi krafist of hárrar greiðslu miðað við umfang verksins og krefst lækkunar greiðslukröfu auk skaðabóta vegna tjóns sem sóknaraðili kveður varnaraðila hafa valdið á fasteign sinni.

### II

#### Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Í kvörtun kemur fram að sóknaraðili hafi óskað eftir þjónustu iðnaðarmanns í gluggaviðgerðir í gegnum vefsíðuna [...]. Stuttu síðar hafi varnaraðili haft samband við sóknaraðila og boðist til að taka verkið að sér. Eftir skoðun á hinum leku gluggum í fasteign sóknaraðila hafi varnaraðili sent sóknaraðila tölvupóst með tilboði sínu í verkið. Þar hafi komið fram að varnaraðili þyrfti að vinna verkið samkvæmt tímakaupi vegna tiltekinna óvissuþátta við verkið. Hafi varnaraðili gefið upp að tímagjald hans væri 12.000 krónur og að 15% álag væri á efniskaupum. Áætlaður verktími hafi verið einn til tveir dagar. Hafi sóknaraðili í kjölfarið fallist á tilboð varnaraðila. Eftir verklok hafi komið upp ágreiningur um greiðslukröfu varnaraðila fyrir verkið sem sóknaraðili telji of háa og í ósamræmi við þann tímafjölda sem varnaraðili hafi raunverulega unnið í þágu sóknaraðila. Vísi sóknaraðili til þess að hann hafi undir höndum upptökur úr eftirlitsmyndavélakerfi máli sínu til stuðnings. Þá telji sóknaraðili að tímagjald varnaraðila sé óeðlilega hátt. Loks vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili hafi valdið skemmdum á einum glugga hans. Sóknaraðili kveðst hafa greitt að hluta kröfu varnaraðila en eftir standi krafa að fjárhæð 257.937 krónur. Krefst sóknaraðili þess að greiðslukrafa varnaraðili verði lækkuð sem nemi framangreindri fjárhæð auk þess sem honum verði gert að greiða sóknaraðila skaðabætur vegna þess tjóns sem varnaraðili hafi verið valdur að.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegru málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Í gögnum málsins kemur fram að varnaraðili hefur höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness gegn sóknaraðila. Í því dómsmáli krefst varnaraðili greiðslu

eftirstöðva reiknings síns sem um er deilt í máli þessu. Var málið þingfest þann 8. júní 2022.

Samkvæmt c. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála getur kærunefnd vöru- og þjónustukaupa vísað kvörtun frá þegar ágreiningur er eða hefur verið til umfjöllunar viðurkenndra úrskurðaraðila eða dómstóla. Markmið frávísunar í slíkum tilvikum er að koma í veg fyrir að fjallað sé um sama ágreining á fleiri en einum vettvangi.

Kvörtun sóknaraðila er með hliðsjón af framangreindu vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

### III Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson